

STARFSEMI FERÐAMÁLRAÐS ÍSLANDS 2004

FEBRÚAR 2005

Efnisyfirlit:

1	Ferðamálaráð.....	3
2	Ferðamálaráð Íslands 40 ára	3
3	Almennt um starfið á árinu 2004	4
3.1	Fjárhagsleg umsvif.....	4
3.2	Skrifstofur - Starfsfólk	5
3.3	Skrifstofa Ferðamálaráðs Íslands í New York.....	5
3.4	Skrifstofa Ferðamálaráðs Íslands í Frankfurt.....	6
3.5	Skrifstofa Ferðamálaráðs í Kaupmannahöfn	6
3.6	Bretlandsmarkaður	7
4	Markaðsstarf erlendis	8
4.1	Samstarfsverkefni	8
4.2	Íslandsbæklingur	9
4.3	Ferðasýningar erlendis	9
4.4	Móttaka erlendra fjölmiðla og sölufólks.....	10
4.5	Netkyrning	10
4.6	Iceland Naturally.....	10
5	Markaðsstarf innanlands	10
5.1	Samstarf vegna auglýsinga innanlands	10
6	Ferðasýningar og- kaupstefnur innanlands	11
6.1	Vestnorden 2004	11
6.2	Nordic Overseas Workshop	11
6.3	Ferðatorg 2003	11
7	Erlent samstarf	12
7.1	Ferðamálaráð Norðurlanda	12
7.2	Ferðamálaráð Evrópu.....	12
7.3	Ferðamálaráð Vestnorden	12
8	Rannsóknir – kannanir – skýrslur - kynningarit	12
8.1	Talning ferðamanna eftir þjóðerni	12
8.2	Könnun meðal erlendra ferðamanna.....	13
8.3	Samningur um eflingu rannsókna í ferðaþjónustu	14
8.4	Fréttabréf.....	14
8.5	Kynningarit.....	14
8.6	Starfsemi Ferðamálaráðs 2003.....	15
9	Fundir - ráðstefnur – námskeið	15
9.1	Ferðamálaráðstefnan 2003	15
9.2	Námskeið fyrir starfsfólk upplýsingamiðstöðva.....	16

10	Vefmál, gagnagrunnur og Handbókin Ísland.....	17
10.1	Gagnagrunnur	17
10.2	Handbókin Ísland.....	17
10.3	Landkynningarvefir	17
10.4	Svörun fyrirspurna	17
10.5	Samskiptavefur	18
10.6	Ganga.is	18
10.7	Vefur menningarkynningar í París.....	18
11	Flokkun gististaða	18
12	Flokkun tjaldsvæða	19
13	Umhverfismál	19
13.1	Almennt	19
13.2	Styrkir	20
13.3	Umhverfisverðlaun	20
14	Ráðstefnuskrifstofa Íslands.....	21
15	Ferðamálaáætlun 2006-20015.....	21

1 Ferðamálaráð

Sjö fulltrúar sitja í Ferðamálaráði, 2 skipaðir af samgönguráðherra, 2 af Samtökum ferðaþjónustunnar, 2 af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og 1 frá Ferðamálasamtökum Íslands, samkvæmt tilnefningu. Ráðið er nú þannig skipað:

Aðalmenn:

Einar Kr. Guðfinnsson, formaður, Ísólfur Gylfi Pálmason, varaformaður, báðir skipaðir af ráðherra. Fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga eru Gunnar Sigurðsson, bæjarfulltrúi á Akranesi og Dagur B. Eggertsson, borgarfulltrúi. Fyrir hönd Samtaka ferðaþjónustunnar sitja í ráðinu þeir Steinn Lárusson frá Icelandair og Hlynur Jónsson frá KEA Hótelum/Greifanum. Pétur Rafnsson er fulltrúi Ferðamálasamtaka Íslands.

Varamenn:

Skjöldur Orri Skjaldarson, skipaður af ráðherra; Þórunn Gestsdóttir, skipuð af ráðherra; Felix Bergsson, Samband íslenskra sveitarfélaga; Ásborg Arnþórsdóttir, Samband íslenskra sveitarfélaga; Anna G. Sverrisdóttir, Samtök ferðaþjónustunnar; Steingrímur Birgisson, Samtök ferðaþjónustunnar; Ásmundur Gíslason, Ferðamálasamtök Íslands

Ferðamálaráð hélt 11 fundi á árinu 2003. Að jafnaði eru fundir haldnir á skrifstofu Ferðamálaráðs í Gimli en undantekningar voru gerðar þann 7. júlí þegar ráðið hélt 40 ára afmælisfund sinn á Hótel Sögu og þann 16. ágúst þegar fundað var á Akranesi. Við sama tækifæri kynnti ráðið sér ferðaþjónustu svæðisins.

2 Ferðamálaráð Íslands 40 ára

Miðvikudaginn 7. júlí 2004 voru liðin 40 ár frá því Ferðamálaráð Íslands tók til starfa, en fyrsti fundur ráðsins var haldinn 7. júlí 1964. Á þeim 40 árum sem Ferðamálaráð hefur starfað hefur ferðamönnum sem leggja leið sína til Íslands fjölgað mikið. Fyrstu tíu árin (1965 til 1974) lögðu 510 þúsund erlendir ferðamenn leið sína til landsins, en síðustu 10 ár (1995-2004) var fjöldi erlendra ferðamanna sem kom til Íslands kominn í 2,6 milljónir. Því er spáð að næstu 10 ár muni rúmar 4 milljónir erlendra ferðamanna heimsækja Ísland.

Til marks um aukið mikilvægi ferðaþjónustunnar fyrir þjóðarbúskapinn má nefna að árið 1963 námu tekjur af ferðaþjónustu 0,8% af gjaldeyristekjum þjóðarinnar en árið 2003 komu 13 % af gjaldeyristekjunum frá ferðaþjónustunni. Má með nokkrum sanni segja að síðustu áratugi hafi íslensk ferðaþjónusta breyst úr því að vera nánast tómstundaiðja eða aukabúgrein í einn aðal atvinnuveg þjóðarinnar.

Eina stjórnarsýslustofnun ferðaþjónustunnar

Ferðamálaráð Íslands fer með stjórn ferðamála undir yfirstjórn samgönguráðuneytisins og er eina stjórnarsýslustofnun ferðaþjónustunnar í landinu. Meðal verkefna sem ráðinu eru falin eru landkynning og markaðsmál, skipulagning og áætlunargerð um íslensk ferðamál og rannsóknir og kannanir í ferðamálum. Umhverfismál eru einnig vaxandi þáttur í starfsemi ráðsins en Ferðamálaráði ber að sjá til þess að helstu áfangastaðir ferðamanna séu undir það búnir að taka við þeim

straumi fólks sem að þeim beinist á hverjum tíma. Þessi þáttur í starfsemi Ferðamálaráðs hefur vakið verðskuldaða athygli erlendis því þannig er reynt að tryggja að ágangur verði ekki of mikill á einstaka ferðamannastaði. Síðustu þrjú ár hefur verið ráðstafað árlega um 40 milljónum króna til uppbyggingar á aðstöðu fyrir ferðamenn víða um land.

Aukin umsvif - meira fjármagn

Frá upphafi hefur verið unnið út frá því meginmarkmiði að dreifa heimsóknum ferðamanna sem mest um landið og á árstíðir. Umsvif Ferðamálaráðs Íslands hafa farið vaxandi á liðnum árum en auk skrifstofa í Reykjavík og á Akureyri og upplýsingamiðstöðva í öllum landshlutum, rekur Ferðamálaráð í dag skrifstofur í New York í Bandaríkjunum og í Frankfurt í Þýskalandi. Fyrr á þessu ári opnaði ráðið síðan skrifstofu í Kaupmannahöfn. Þá er Ráðstefnuskrifstofa Íslands vistuð hjá Ferðamálaráði en hún var stofnuð árið 1992 af Ferðamálaráði, Flugleiðum og Reykjavíkurborg og leiðandi aðilum á sviði funda og ráðstefnuhalds.

Árlega tekur Ferðamálaráð þátt í um 40 ferðasýningum og um 40 þúsund fyrirspurnum frá erlendum einstaklingum er svarað auk þess sem dreift er um hálfri milljón bæklinga fyrir ýmsa aðila í ferðaþjónustu.

Sígild viðfangsefni

Þótt starfsemi Ferðamálaráðs hafi breyst mikið á undanförunum 40 árum þá eru viðfangsefnin sígild. Þannig gæti fyrsta erindið sem tekið var fyrir á fyrsta fundi ráðsins þann 7. júlí 1964 eins hafa verið til umræðu í dag en það erindi var frá stjórnvöldum sem leituðu áhlits Ferðamálaráðs á þeirri hugmynd að selja aðgang að Þórsmörk. Þá sem nú lagðist ráðið gegn hugmyndum um slíka gjaldtöku. Á fyrstu árum Ferðamálaráðs fór mikil vinna í svara beint erindum sem bárust, en í dag fer meiri tími í uppbyggingu rafrænna gagnagrunna þar sem hægt er að leita upplýsinga milliliðlaust á vefnum. Til að gera þetta kleift hefur verið lögð aukin áhersla á ýmiskonar rannsóknir og kannanir á vegum ráðsins.

Þrír gengt starfi ferðamálastjóra

Ferðamálastjóri var fyrst skipaður árið 1978 og hafa þrír menn gengt því starfi; Lúdvík Hjálmtýsson, Birgir Þorgilsson og núverandi ferðamálastjóri Magnús Oddsson. Alls hafa um 100 einstaklingar verið skipaðir í Ferðamálaráð þau 40 ár sem það hefur starfað en á afmælisdaginn var haldinn 658. fundur ráðsins frá upphaf. Það er samgönguráðherra sem skipar 7 fulltrúa í Ferðamálaráð í dag, en þegar flest var á árum áður sátu 23 fulltrúar í ráðinu. Núverandi formaður Ferðamálaráðs Íslands er Einar K. Guðfinnsson alþingismaður.

3 Almennt um starfið á árinu 2004

3.1 Fjárhagsleg umsvif

Fjárveiting Alþingis til reksturs og verkefna stofnunarinnar var um 250 milljónir króna á árinu. Til erlendarar starfsemi var varið um 105 milljónum króna, 50 milljónum til umhverfisverkefna og um 30 milljónum til upplýsingaverkefna, svo nokkrir liðir séu nefndir. Þá var 300 milljón króna fjárveiting til samgönguráðuneytis vegna markaðsverkefna í ferðaþjónustu notuð á vegum skrifstofa ráðsins þannig að velta stofnunarinnar á árinu var um 550 milljónir króna.

3.2 Skrifstofur - Starfsfólk

Starfsemi Ferðamálaráðs var með líku sniði á árinu 2004 og verið hefur. Starfsmenn á aðalskrifstofunni í Reykjavík voru átta talsins og fimm á skrifstofunni á Akureyri. Tveir starfsmenn voru sem fyrr á skrifstofu Ferðamálaráðs í New York og fjórir á skrifstofunni í Frankfurt. Í ársbyrjun var síðan opnuð skrifstofa í Kaupmannahöfn og er það einn starfsmaður.

Rekstrar- og stjórnsýslusvið

Undir sviðið heyra m.a. rekstur og fjármál, skipulag og áætlanagerð, lögbundin stjórnsýsluverkefni, umsjón með samningagerð, kannanir, leyfismál, fjölþjóðlegt samstarf o.fl. Magnús Oddsson ferðamálastjóri er jafnframt forstöðumaður rekstrar- og stjórnsýslusviðs.

Markaðssvið

Landkynningar- og markaðsmál, jafnt innlend sem erlend, heyra undir markaðssvið. Þar á meðal eru markaðsskrifstofur Ferðamálaráðs í New York, Frankfurt og Kaupmannahöfn. Forstöðumaður sviðsins er Ársæll Harðarson.

Upplýsinga- og þróunarsvið

Upplýsinga- og þróunarsvið er til húsa á Akureyri. Meðal verkefna eru upplýsingamál, gerð gagnagrunns, umhverfismál, fræðslumál, vefþróun og -viðhald, rannsóknir, flokkun gististaða o.fl. Forstöðumaður er Elías Bj. Gíslason.

3.3 Skrifstofa Ferðamálaráðs Íslands í New York

Tveir starfsmenn störfuðu sem fyrr á markaðsskrifstofu Ferðamálaráðs Íslands í New York. Samvinna og hagræðing er höfð við frændur okkur á hinum Norðurlöndunum og er skrifstofa Íslands rekin sem sjálfstæð eining innan ferðamálaráða Norðurlandanna í New York.

Góður árangur náðist á þessum markaði á árinu og fjölgaði ferðamönnum frá Bandaríkjunum og Kanada um tæplega 4.400 manns, eða 9,2%. Aðrir mælanlegir þættir komu einnig vel út. Fjöldi fyrirspurna sem skrifstofunni berast margfaldaðist og í kjölfar þess átti sér stað mikil aukning á dreifingu kynningarefnis. Á árinu kom út ný fimm mínútna landkynningarmynd (teaser) um Ísland: "Pure Natural Unspoiled - ICELAND - The Way Life Should Be". Var myndin einnig sett í DVD format og er búið að dreifa yfir 60 þúsund eintökum síðan í marsmánuði. Þá vann myndin til tvennra verðlauna hjá samtökum sem meta kynningarefni.

Án nokkurs vafa má rekja meginástæður velgengni Íslands á Bandaríkjamarkaði til sameiginlegs markaðsátaks Ferðamálaráðs og ferðaþjónustufyrirtækja á markaðnum síðustu misserin. Átakið Iceland Naturally hefur einnig vakið sérstaka athygli innan greinarinnar sem og hjá almenningi og hefur virkað sem vítamínsprauta fyrir alla aðila. Íslandsauglýsingar hafa skreytt síður fremstu dagblaða og tímarita landsins og umfjöllun blaða, tímarita og sjónvarps um Ísland hefur að sama skapi verið meiri en nokkru sinni fyrr. Má segja að ákveðnu hámarki hafi verið náð þegar hluti "The Amazig Race" þáttaraðarinnar var tekinn upp á Íslandi.

Því er ekki að leyna að þróun á gengi dollars gagnvart krónu hefur sett strik í reikninginn í ferðum Bandaríkjamanna til Íslands þar sem verðgildi dollars rýrnaði um hartnær 25%. Þó telja kunnugir að sjaldan eða aldrei hafi verið betri tækifæri til

sóknar fyrir Ísland á þessum markaði. Þer þar hæst að nefna stóraukið áætlunarflug á milli Bandaríkjanna og Íslands, sem mun enn aukast með tilkomu áætlunarflugs til vesturstrandarinnar á árinu 2005.

Sem fyrr stjórnáði skrifstofan verkefninu "Iceland Naturally", sameiginlegu markaðsátaki fyrirtækja og ferðaþjónustuaðila á Bandaríkjamarkaði til að auka spurn eftir íslenskum afurðum og örva ferðamannastraum til landsins frá Norður-Ameríku.

3.4 Skrifstofa Ferðamálaráðs Íslands í Frankfurt

Fjórir starfsmenn störfuðu á markaðsskrifstofu Ferðamálaráðs Íslands í Frankfurt á árinu og voru þeir í rúmlega þremur stöðugildum. Almennt séð gekk starfið á skrifstofunni með miklum ágætum á árinu og meðal markmiða var að efla og bæta upplýsingagjöf enn frekar. Þöntun á Íslandsbæklingnum er komin í fast horf og á sér nú nær eingöngu stað í gegnum á Netið á vefnum icetourist.de fyrir Þýskumælandi löndin, icetourist.de/islande fyrir Frakkland og icetourist.de/nl fyrir Holland. Það færast í aukana að ferðaþjónustufyrirtækin nýti sér þjónustu skrifstofunnar, hvort sem er til dreifingar á efni eða annars, enda starfsfólk hennar til þjónustu reiðubúið og tilbúið til samstarfs með hverjum þeim sem vill kynna Ísland.

Svæði skrifstofunnar tekur auk Þýskalands til annarra Þýskumælandi landa Mið-Evrópu, Frakklands, Hollands, Belgíu og fleiri landa. Að teknu tilliti til ytri aðstæðna og þeirrar samkeppni sem ríkir á markaðssvæðinu má fullyrða að Ísland geti vel unað við sinn hlut. Ferðamönnum frá þeim löndum Mið- og Suður-Evrópu sem mæld eru sérstaklega í talningum Ferðamálaráðs í Leifsstöð fjölgaði um tæplega 5.500 á milli ára, eða sem samsvarar 6,2%. Markaðsstarf skrifstofunnar var fjölþætt á árinu en megináhersla hefur þó verið lögð á annars vegar samskipti við ferðaheildsala og hins vegar á stórar og smáar auglýsingaherferðir í samstarfi við Icelandair og aðra. Hvort tveggja skilaði góðum árangri og styrkti stöðu Íslands sem áfangastaðar.

Samkeppnin á markaðinum var gríðarlega hörð á árinu. Nágrannalönd Þýskalands hafa úr að spila háum fjárhæðum til markaðssetningar og sækja af krafti inn á Þýska markaðinn. Má þar t.d. nefna Ungverjaland, Slóveníu og fleiri fyrrum austantjaldsríki sem sækja nú hratt fram og keppa grimmt um að ná til sín ferðafólki. Norðrið hefur engu að síður sótt í sig veðrið og þar hefur hlutur Íslendinga hlutfallslega verið stærrí en frænda okkar á hinum Norðurlöndunum.

Góðum tengslum við fjölmiðla var haldið áfram og til Íslands komu fjölmargir blaða- og fjölmiðlamenn fyrir tilstuðlan skrifstofunnar. Í kjölfarið birtist undantekningarlaust jákvæð umfjöllun um land og þjóð. Slík umfjöllun í útbreiddum fjölmiðlum verður seint metin til fjár og er verðgildi hennar margfalt á við þá fjármuni sem mögulegt væri að setja í beinar auglýsingar. Þetta er því liður í markaðsstarfinu sem sinna þarf vel.

3.5 Skrifstofa Ferðamálaráðs í Kaupmannahöfn

Í janúar opnaði Ferðamálaráð nýja markaðsskrifstofu í Kaupmannahöfn og nær markaðssvæði hennar til allra Norðurlandanna. Auglýst var eftir forstöðumanni og Lisbeth Jensen ráðin úr hópi 44 umsækjenda. Skrifstofan er til húsa í Norðurbryggju, sameiginlegu menningarsetri Íslendinga, Færeyinga og Grænlandinga. Þar er sendiráð Íslands m.a. til húsa. Samstarf er haft við ferðamálaráð Færeyja og Grænlands og mun hvert land um sig hafa skrifstofu í húsinu. Þá hafa löndin þrjú stofnað sameiginlegt fyrirtæki til að sinna upplýsingagjöf, dreifingu á bæklingum og fleiru sem hagkvæmt er talið.

Til samans eru Norðurlöndin stærsta markaðssvæði íslenskrar ferðaþjónustu og átti Ísland sérlega góðu gengi að fagna á árinu. Þaðan komu ríflega 94.200 gestir

og fjölgaði um 16,4% á milli ára. Mest varð fjölgunin frá Danmörku, ríflega 8.600 gestir eða 35,4%.

Af ýmsu er að taka þegar litið er til þeirra markaðsaðgerða sem skrifstofan í Kaupmannahöfn gekkst fyrir á þessu fyrsta starfsári. Í tengslum við þjóðhátíðardag Íslendinga var dagskrá til að kynna Ísland sem náði hámarki með hátíð 20. júní. Hátíðin var sett upp fyrir dönsku fjölskylduna, að hún kæmi og kynntist Íslandi og hvað landið hefur að bjóða. Um var að ræða samstarfsverkefni með nokkrum íslenskum ferðaþjónustufyrirtækjum og tókst einkar vel.

Um miðjan ágúst var hrundið af stað markaðs- og auglýsingaherferð í samstarfi við flugfélögin og aðra ferðaþjónustuaðila sem fram fór Norðurbryggju.

Í tengslum við Vestnorden ferðakaupstefnuna var gefið út 16 síðna blað um Ísland sem fylgdi "Take off" tímaritinu. Blaðið er gefið út í Danmörku í um 70.000 eintökum og var þetta í fyrsta skipti sem tímaritið var gefið út með sérútgáfu inni, þ.e. blaðinu um Ísland.

Þá má loks nefna að áhersla var lögð á að styrkja tengslin við lykilmál í hverju landi á markaðssvæðinu með heimsóknnum og kynningum.

3.6 Bretlandsmarkaður

Frá ársbyrjun 2002 hefur markaðsstarfi fyrir Bretland verið sinnt frá skrifstofu Ferðamálaráðs í Reykjavík af sérstökum starfsmanni þar. Bretlandsmarkaður hefur verið í mikilli sókn síðustu misseri og hélt það áfram á síðasta ári. Tæplega 60.400 breskir ferðamenn komu hingað til lands á árinu og fjölgaði um 14% á milli ára. Breskir ferðamenn dreifast einnig betur yfir allt árið en ferðamenn frá flestum öðrum löndum og eru þannig sérlega mikilvægir gestir utan háannatíma íslenskrar ferðaþjónustu.

Samkvæmt venju er af nógu að taka í markaðsstarfinu á árinu 2004. Í janúar tók Ferðamálaráð t.d. þátt í kynningu bókar Sally Magnusson "Dreaming of Iceland" sem vakið hefur mikla athygli í Bretlandi og birtist heil opna í "The Daily Telegraph" um bókina og útgáfuteitið sem haldið var í Bláa Lóninu. Þá hafa verið haldnar kynningar fyrir starfsfólk ferðaskrifstofa og einnig nokkur félagasamtök samkvæmt óskum þar um. Í október var Íslandsvika í Glasgow sem Icelandair skipulagði og bauð ferðaþjónustufyrirtækjum beggja vegna Atlantshafsins til sameiginlegs kynningarátaks sem stóð í fjóra daga.

Fjölmargar heimsóknir blaðamanna voru skipulagðar líkt og undanfarin ár. Birtust greinar og umfjöllun um Ísland í öllum stærstu blöðum Bretlands á árinu og mörgum stærstu tímaritunum. Þá hefur Ferðamálaráð stutt við heimsóknir fjölmiðlafólks á vegum ferðaskrifstofa í Bretlandi. Hvað varðar heimsóknir útvarps- og sjónvarpsstöðva þá kom RTE íraska útvarpið og gerði klukkustundar langan þátt. Þátturinn sem sendur var út á besta útsendingartíma vakti heilmikla athygli. Þá vann BBC þátt um fjölskylduferð til Íslands. Var hann unninn í samvinnu við Ferðamálaráð og Ferðaþjónustu bænda.

Sérstaklega er vert að nefna markaðsátak sem fólst í því að gerður var 20 síðna bæklingur um Ísland og dreift með "Travel Weekly" tímaritinu í lok september í 25 þúsund eintökum. Markmiðið var að fá fleiri ferðaskrifstofur til að selja landið.

Af öðrum verkefnum sem voru í gangi á árinu má nefna að tekið var á móti ferðskrifstofustarfsfólki í kynningarferðum frá "Thomas Cook" og "Wildlife Worldwide". Þá var staðið að samkeppni í tímaritinu "ABTA spirit" og var vinningurinn Íslandsferð. Sem fyrr tók Ferðamálaráð taka þátt í sýningunni "World Travel Market" London í nóvember. Þetta er bæði fag- og neytendasýning og talin stærsta ferðasýning í heimi. Þá tókum við þátt í Holiday World í Dublin í janúar

næstkomandi og Destinations 2005 í febrúar, en báðar þessar sýningar eru neytendasýningar.

4 Markaðsstarf erlendis

4.1 Samstarfsverkefni

Samgönguráðherra fól skrifstofu Ferðamálaráðs Íslands haustið 2003 að sjá um framkvæmd á samstarfsverkefnum í markaðsmálum erlendis í framhaldi af ákvörðun um opinber framlög til markaðsverkefna. Í framhaldi af því var ákveðið að bjóða aðilum að ganga til samstarfs við Ferðamálaráð í markaðs- og kynningarmálum hliðstætt og gert var á árinu 2003. Auglýst var eftir samstarfsaðilum 1. desember 2003 og til að kynna málið sem best var efnt til kynningarfunda á 8 stöðum á landinu með aðstoð fjarfundabúnaðar. Auglýst var eftir samstarfi á fjórum erlendum markaðssvæðum og þar að auki í einum flokki óháð markaðssvæðum. Alls var um að ræða 175 milljónir króna, sem var sá hluti markaðsfjármuna ársins 2004 sem ákveðið var að verja til samstarfsverkefna á erlendri grundu.

1. N.- Ameríka:

Til ráðstöfunar voru annars vegar kr. 30 milljónir, þar sem lágmarksframlag hvers samstarfsaðila var kr. 15 milljónir í verkefni. Hins vegar voru til ráðstöfunar kr. 8 milljónir, þar sem lágmarksframlag hvers samstarfsaðila var kr. 1 milljón.

2. Bretlandseyjar

Til ráðstöfunar voru annars vegar kr. 30 milljónir, þar sem lágmarksframlag hvers samstarfsaðila var kr. 15 milljónir í verkefni. Hins vegar voru til ráðstöfunar kr. 8 milljónir, þar sem lágmarksframlag hvers samstarfsaðila var kr. 1 milljón.

3. Danmörk, Noregur, Svíþjóð og Finnland

Til ráðstöfunar voru annars vegar kr. 30 milljónir, þar sem lágmarksframlag hvers samstarfsaðila var kr. 15 milljónir í verkefni. Hins vegar voru til ráðstöfunar kr. 10 milljónir, þar sem lágmarksframlag hvers samstarfsaðila var kr. 1 milljón.

4. Meginland Evrópu

Til ráðstöfunar voru annars vegar kr. 30 milljónir, þar sem lágmarksframlag hvers samstarfsaðila var kr. 15 milljónir í verkefni. Hins vegar voru til ráðstöfunar kr. 12 milljónir, þar sem lágmarksframlag hvers samstarfsaðila var kr. 1 milljón.

Annað samstarf óháð markaðssvæðum

Þá var auglýst eftir samstarfsaðilum til verkefna vegna ákveðinna markhópa, t.d. vegna hvalaskoðunar, vegna kynningar ákveðinnar vöru eða viðburðar, óháð markaðssvæðum. Til ráðstöfunar voru 17 milljónir kr. þar sem lágmarksframlag hvers samstarfsaðila var 2 milljónir kr. í verkefni.

Hverjir gátu sótt um?

Í auglýsingu var tekið fram að þegar rætt væri um samstarfsaðila gæti það átt við fyrirtæki, sveitarfélög, einstaklinga eða samstarfshópa þeirra, um ákveðin markaðs- og/eða kynningarverkefni. Skýrt var tekið fram að **ekki yrði um að ræða styrki vegna verkefna, heldur fjármagn til sameiginlegra verkefna með Ferðamálaráði Íslands**. Umrædd verkefni skyldu unnin á tímabilinu 1. mars 2004 til 28. febrúar 2005. Í auglýsingunni sagði jafnframt að við afgreiðslu umsókna yrði tekið tillit til eftirfarandi þátta:

Um væri að ræða almenn kynningar-/markaðsverkefni, sem hvettu neytendur til Íslandsferða.

Sérstaklega yrði litið til verkefna sem styrktu ferðaþjónustu alls Íslands á heilsársgrunni.

Litið yrði til útbreiðslu þeirra miðla sem áætlað væri að nýta í umræddri kynningu.

122 umsóknir bárust

Umsóknarfrestur rann út þann 26. janúar og bárust alls 122 umsóknir; 13 vegna samstarfs á Norðurlöndum, 18 vegna N.-Ameríku, 36 vegna meginlands Evrópu og 13 vegna Bretlands. Þá bárust 42 umsóknir vegna þess flokks sem var óháður markaðssvæðum. Strax að loknum umsóknarfresti hófst vinna við yfirferð umsókna. Forstöðumaður markaðssviðs fór yfir umsóknir hvers svæðis með markaðssérfræðingum stofnunarinnar á umræddu svæði. Að lokinni þeirri vinnu var gerð tillaga til ferðamálastjóra um afgreiðslu umsókna.

Framlag hækkað

Rétt er að taka fram að í þeim flokki sem var óháður markaðssvæðum komu fram mjög margar áhugaverðar umsóknir um samstarf og var áhugi hjá stofnuninni að ganga til samstarfs við fleiri en mögulegt var miðað við þær 17 milljónir sem voru þar til ráðstöfunar í samstarfsverkefni. Óskað var eftir því við samgönguráðherra að sú fjárhæð yrði hækkuð í 21 milljón og þá nýttur þar hluti þeirra fjármuna sem ekki hefur verið nýttur af fjárveitingu síðasta árs. Ráðherra varð við því. Lista yfir samstarfverkefni má finna á samskiptavef Ferðamálaráðs www.ferdamalarad.is.

4.2 Íslandsbæklingur

Hinn árlegi Íslandsbæklingur Ferðamálaráðs er mikilvægur liður í markaðssetningu Íslands sem ferðamannalands og fór bæklingurinn fyrir árið 2005 í dreifingu í nóvember 2004. Íslandsbæklingurinn er myndskreyttur landkynningarbæklingur og var sem fyrr gefinn út á 10 tungumálum, þ.e. ensku, dönsku, sænsku, norsku, finnsku, hollensku, ítölsku og spænsku, auk sérútgáfu fyrir Þýskumælandi lönd, Frakkland og Norður-Ameríku. Upplag bæklingins er 400 þúsund eintök. Skrifstofur FMR erlendis, sem og ferðaheildsalar í viðkomandi löndum, annast dreifingu bæklingins, auk þess sem hann er kynntur á ferðasýningum víðsvegar um heim og sendur til íslenskra sendiráða og ræðismanna. Leitað er eftir þátttöku aðila í ferðaþjónustu í kostnaði við gerð bæklingins og aftast í honum er að finna upplýsingasíður þar sem þeim gefst kostur á að fá birtar upplýsingar um fyrirtæki sitt gegn gjaldi.

4.3 Ferðasýningar erlendis

Á síðustu árum hefur verið dregið úr þátttöku í ferðasýningum vegna minnkandi áhuga innlendra ferðaþjónustufyrirtækja. Á árinu 2004 var tekið þátt í 3 hefðbundnum sýningum: International Tourism - Börse (ITB) í Berlín (mars), Swedish International Travel & Tourism Fair (TUR) í Gautaborg (mars) og World Travel Market (WTM) í London (nóvember). Íslenskum ferðaþjónustuaðilum býðst að fá aðstöðu í bás ráðsins gegn föstu gjaldi. Rúm er fyrir 10-15 fyrirtæki á hverri sýningu. Ferðamálaráð sér um að útbúa básana og skapa mönnum aðstöðu til að hitta viðskiptavinum sína en síðan er undir hverjum og einum komið að nýta tækifærið sem best. Sýningarstandar Ferðamálaráðs á þessum sýningum standa nú einnig opnir erlendum fyrirtækjum er koma að sölu Íslandsferða. Fulltrúar Ferðamálaráðs taka einnig þátt í fjölda annarra svæðisbundinna sýninga, t.a.m. í Bretlandi, Þýskalandi og Frakklandi.

4.4 Móttaka erlendra fjölmiðla og sölufólks

Umfjöllun um Ísland í erlendum fjölmiðlum hefur stórauðist og er lögð mikil áhersla á að greiða leið fjölmiðlafólks sem best. Einnig er lögð áhersla á að greiða götu sölufólks hjá erlendum ferðaskrifstofum.

4.5 Netkyrning

Mikil áhersla er lögð á að viðhalda upplýsingum og endurnýja vefi Ferðamálaráðs með reglubundnum hætti (sjá nánar síðar).

4.6 Iceland Naturally

Á árinu var unnið að framhaldi samningsins um “Iceland Naturally” verkefnið og í ársbyrjun 2005 gekk samgönguráðherra fyrir hönd ríkissjóðs frá nýjum samningi við átta íslensk útflutningsfyrirtæki og hagsmunaaðila. “Iceland Naturally” felst í markaðssókn og kynningu á Íslandi og íslenskum vörum í Norður-Ameríku. Áður hafði verið gerður fimm ára samningur undir sama heiti en hann rann út í lok árs 2004. Nýi samningurinn er til fjögurra ára. Samgönguráðherra skipaði tíu manna stýrihóp verkefnisins en í honum eru tveir fulltrúar samgönguráðherra og er annar þeirra formaður hópsins, tveir fulltrúar forsætisráðherra, tveir fulltrúar utanríkisráðherra og þrír fulltrúar stærstu hagsmunaaðila að samningnum, þ.e. Icelandair, Icelandic® USA Inc (Coldwater Seafood) og Iceland Seafood Corp., og einn fulltrúi Bændasamtaka Íslands. Heimilisfang og fjármál kynningarinnar eru á skrifstofu Ferðamálaráðs í New York. Framkvæmd verkefnisins verður í höndum framkvæmdastjóra Ferðamálaráðs í New York og viðskiptafulltrúa sendiráðs Íslands í Bandaríkjunum.

Í ljósi þess góða árangurs sem orðið hefur af “Iceland Naturally” í Bandaríkjunum hefur einnig verið hafin vinna við undirbúning sambærilegs verkefnis fyrir Evrópumarkað.

5 Markaðsstarf innanlands

5.1 Samstarf vegna auglýsinga innanlands

Í mars auglýsti Ferðamálaráð eftir íslenskum fyrirtækjum til samstarfs um gerð og birtingu auglýsinga sem hvetja áttu landsmenn til ferðalaga innanlands. Um var að ræða hluta af kynningarherferðinni „Ísland – sækjum það heim“ og gert ráð fyrir að útlit og efnistösk auglýsinga tækju mið af því sem gert hafði verið áður. Til að kynna málið sem best voru haldnir kynningarfundir á 9 stöðum á landinu með notkun fjarfundabúnaðar.

Í boði voru 15 samstarfsverkefni þar sem framlag Ferðamálaráðs var 0,5 milljónir króna í hvert verkefni og 10 samstarfsverkefni þar sem framlag Ferðamálaráðs var 1,0 milljón í hvert verkefni, þ.e. samtals 17,5 milljónir króna. Skilyrði var að samstarfsaðilar legðu fram a.m.k. jafnt á við Ferðamálaráð og nutu þeir forgangs sem að öðru jöfnu voru reiðubúnir að leggja fram meira fé. Skilyrði var jafnframt að viðkomandi aðili væri starfandi í ferðaþjónustu og reiðubúinn að auglýsa í fjölmiðlum sem ná til allra landsmanna.

Umsóknir voru 53 talsins og ákveðið var að ganga til samstarfs við 26 umsækjendur. Mótframlag þeirra var alls 48,5 milljónir króna. Að viðbættum 17,5 milljónum króna frá Ferðamálaráði var heildarupphæðin sem fór til markaðssetningar innanlands í tengslum við þessi verkefni því 66 milljónir króna. Lista yfir þá aðila

sem gengið var til samstarfs við og lýsingu á verkefnum má finna á vef Ferðamálaráðs www.ferdamalarad.is.

6 Ferðasýningar og- kaupstefnur innanlands

6.1 Vestnorden 2004

Ferðamálaráð Íslands, Grænlands og Færeyja hafa staðið að Vestnorden ferðakaupstefnunni síðastliðna tvo áratugi og skiptast á um að sjá um framkvæmdina. Að þessu sinni var komið að Ferðamálaráði Íslands að sjá um Vestnorden sem haldin var á í Laugardalshöllinni í Reykjavík 13.-15. september. Sýnendur á kaupsstefnunni komu eins og áður frá vestnorrænu löndunum þremur auk þess sem fyrirtæki frá Danmörku og Settlandseyjum tóku þátt. Samtals voru 133 fyrirtæki frá þessum löndum skráð sem sýnendur að þessu sinni og Íslendingar voru fjölmennastir líkt og jafnan áður. Á Vestnorden hitta sýnendurnir ferðaheildsala hvaðanæva að úr heiminum sem eru að selja ferðir til norrænu landanna og eiga með þeim stutta fundi sem búið er að tímasetja áður en kaupstefnan hefst. Ríflega 100 kaupendur frá 18 löndum voru skráðir til þátttöku á Vestnorden að þessu sinni. Má þar nefna fyrirtæki frá Ástralíu, N.-Ameríku og Rússlandi en flest voru fyrirtækin þó frá nágrannaríkjum okkar í V.-Evrópu. Danir voru fjölmennastir en 17 danskir aðilar tóku þátt og frá Bretlandi, Frakklandi og Bandaríkjunum kom um tugur fyrirtækja frá hverju landi. Næsta Vestnorden kaupstefna verður haldin í Kaupmannahöfn dagana 12.-14. september 2005 í umsjón Grænlandinga.

6.2 Nordic Overseas Workshop

Dagana 10.-12. maí var ferðakaupstefnan Nordic Overseas Workshop eða NOW 2004 haldin á Nordica Hótel í Reykjavík í umsjón Ferðamálaráðs Íslands. Kaupstefnan er samstarfsverkefni norrænu ferðamálaráðanna og flugfélaganna Flugleiða og SAS. Fyrsta NOW-kaupstefnan var haldin í Danmörku 1999, árið eftir í Svíþjóð, árið 2000 í Finnlandi og vorið 2002 í Osló. Umferðinni lauk síðan á Íslandi.

Tilgangurinn með NOW var að leiða saman ferðaþjónustuaðila (suppliers) á Norðurlöndum og ferðaskipuleggjendur (buyers) frá fjarlægum mörkuðum í Norður- og Suður-Ameríku, Asíu og Eyjaálfu. Markmiðið var þannig að stuðla að auknum ferðamannastræmi frá fjarlægum heimshornum til Norðurlandanna. Til kaupstefnunnar var aðeins boðið viðurkenndum kaupendum frá sterkustu mörkuðunum. Að þessu sinni voru á sjöunda tug kaupenda skráðir til leiks og af einstökum löndum voru Bandaríkjamenn og Kínverjar fjölmennastir. Heildarfjöldi ferðaþjónustuaðila sem kynnti starfsemi sína var rétt tæplega 80, þar af um fjórðungur frá Íslandi.

6.3 Ferðatorg 2004

Sýningin Ferðatorg 2004 var haldin í þriðja sinn í Vetrargarði Smáralindar í byrjun maí. Að sýningunni standa Ferðamálasamtök Íslands með góðum stuðningi samgönguráðuneytisins. Innan Ferðamálasamtakanna eru átta landshlutafélög sem öll tóku þátt í sýningunni, auk nokkurra aðila til viðbótar. Ferðatorginu er ætlað að vera markaðstorg ferðaþjónustu á Íslandi þar sem einstaklingar og fyrirtæki geta komið og kynnt sér þá fjölmörgu valmöguleika sem að er að finna á ævintýralandinu Íslandi.

7 Erlent samstarf

7.1 Ferðamálaráð Norðurlanda

Norðurlöndin hafa með sér talsvert samstarf á sviði ferðamála. Í ýmsum sameiginlegum hagsmunamálum, svo sem á vettvangi Ferðamálaráðs Evrópu koma þau gjarnan fram sameiginlega og mynda ákveðna heild. Þá hafa þau með sér afar mikilvægt samstarf í kynningarmálum í Bandaríkjunum en þar reka þau saman fyrirtækið Scandinavian Tourism Inc. til að sinna sameiginlegum markaðsmálum og fleiri þáttum sem löndin hafa talið hagkvæmt að leysa í sameiningu.

7.2 Ferðamálaráð Evrópu

Ferðamálaráð Íslands hefur í áratugi verið aðili að Ferðamálaráði Evrópu (European Travel Commission - ETC). Innan þessara 50 ára gömlu samtaka eru nú 33 ferðamálaráð jafnmargra þjóða.

7.3 Ferðamálaráð Vestnorden

Ferðamálaráð Vestnorden, sem er samstarf Færeyja, Grænlands og Íslands á sviði ferðamála, var stofnað fyrir rúmlega 20 árum. Á vegum ráðsins er unnið að ýmsum sameiginlegum verkefnum á sviði upplýsinga- kynningar- og markaðsmála. Þar má nefna að árlega stendur ráðið fyrir ferðakaupstefnunni Vestnorden Travel Mart, sem sagt er frá á öðrum stað í skýrslunni. Þá er m.a unnið sameiginlega að upplýsingagjöf og kynningarmálum í Norðurbryggjuhúsinu í Kaupmannahöfn þar sem ferðamálaráð landanna þriggja eru öll með eigin skrifstofur. Í ráðinu eru níu fulltrúar, þrír frá hverju landi. Af hálfu Íslands þá sitja í ráðinu: Einar Kr. Guðfinnsson, Magnús Oddsson og Steinn Lárusson. Formennskan í ráðinu færir á milli landanna og um áramótin 2004/2005 tók Ísland við formennsku.

8 Rannsóknir – kannanir – skýrslur - kynningarrit

8.1 Talning ferðamanna eftir þjóðerni

Ferðamálaráð hóf brottfarartalningar í Leifsstöð í febrúar 2002 og hafa þær verið í gangi síðan. Samkvæmt þeim fóru 350.340 erlendir ferðamenn um völlinn á árinu 2004, samanborið við 308.700 árið 2003. Með Norrænu og um aðra millilandaflugvelli komu tæplega 12.000 gestir á árinu 2004 sem til saman gerir 362.200 gesti. Erlendum ferðamönnum hingað til lands fjölgaði um 42 þúsund manns á árinu 2004, miðað við árið 2003, sem þó var metár. Þetta er um 13,2% fjölgun. Miðað við þær upplýsingar sem nú liggja fyrir um gjaldeyrstekjur má gera ráð fyrir að þessir 42 þúsund ferðamenn til viðbótar á árinu 2004 hafi skilað allt að 3 milljörðum króna í auknar gjaldeyrstekjur í þjóðarbúið.

Í talningum Ferðamálaráðs í Leifsstöð má sjá skiptingu ferðamanna eftir þjóðerni og er fróðlegt að bera hana saman við fyrra ár. Bretar eru fjölmennastir þeirra sem hingað koma, eða ríflega 60 þúsund manns. Þeim fjölgaði einnig verulega á árinu eða um 14%. Frá N.-Ameríku komu 47.800 manns og 38.700 frá Þýskalandi. Til samans eru hins vegar Norðurlandabúar stærsti hópurinn eða ríflega 94 þúsund manns á liðnu ári og fjölgaði um 16% á milli ára.

Inn á vef Ferðamálaráðs, undir liðnum “Tölfræði”, má nálgast niðurstöður úr talningum Ferðamálaráðs og einnig ýmsan fróðlegan samanburð sem unninn hefur verið úr tölum um fjölda ferðamanna síðustu ár.

8.2 Könnun meðal erlendra ferðamanna

Ferðamálaráð hefur til fjölda ára gert kannanir meðal erlendra gesta en þessar kannanir eru afar fróðlegar og nauðsynlegar í markaðsstarfi íslenskrar ferðaþjónustu. Kannanirnar nýtast öllum sem þurfa á upplýsingum að halda um síbreytilegan markað ferðamanna á Íslandi. Með þeim er fyrst og fremst leitast við að öðlast heildarsýn yfir þá ferðamarkaði sem hingað sækja, hvað dregur fólk til Íslands, eftir hverju sækjast erlendir ferðamenn, hver er ferðahegðun þeirra, hve miklu eyða þeir og hver eru viðhorf þeirra.

Sumarkönnun Ferðamálaráðs 2004 fór fram í Leifsstöð og á Seyðisfirði frá júníbyrjun til ágústloka. Á þessu tímabili fóru um 175 þúsund erlendir gestir úr landi og var spurningalistum dreift af handahófi til 3.139 gesta og bárust 2.507 nothæfir svarlistar til baka. Meðalaldur svarenda var um 44 ár, sem er tæplega þremur árum hærri meðalaldur en í könnuninni 2002. Jafnræði var milli kynja og ríflega helmingur svarenda sagðist vera með tekjur yfir meðallagi eða háar tekjur, miðað við meðaltekjur í heimalandi. Meginniðurstaða könnunar og samanburðar við fyrri kannanir var að hinn dæmigerði erlendi sumarferðamaður hefur lítið verið að breytast á þessum átta árum sem liðin eru frá því Ferðamálaráð hóf þessar kannanir. Hann er vel menntaður, vel stæður og hefur fyrst og fremst áhuga á náttúru landsins.

Eins og í fyrri könnunum nefna langflestir svarenda náttúruna og landið þegar spurt er um hvaðan hugmynd að Íslandsheimsókn hafi komið. Næstflestir nefna vini/ættingja og síðan þætti eins og ferðabæklinga, blaðagreinar og fyrri heimsóknir en 20% gestanna höfðu komið áður og 80% vilja koma aftur. Langflestir svarenda, eða um 60 af hundraði, höfðu ekki séð neina umfjöllun um Ísland áður en haldið var í ferðina en um fjórðungur hafði séð jákvæða umfjöllun.

Netið er langöflugasti upplýsingamiðill erlendra ferðamanna um Ísland. Ríflega helmingur svarenda sagist nota það en í fyrstu könnuninni árið 1997 var þetta hlutfall innan við 20 af hundraði. Bæklingar eða handbækur eru nú næstmest notaði upplýsingamiðillinn en álíka margir nefndu einnig ferðaskrifstofur í eigin landi. Af þeim erlendu gestum sem sóttu upplýsingar á Netið voru Bandaríkjamenn og Bretar duglegastir að nýta þennan nýja upplýsingabrunn.

Sem fyrr eru flestir erlendu gestanna að koma í frí og var meðaldvalarlgengd hér á landi um 10 og ½ dagur. Almenn aukning er í nýtingu afþreyingar af ýmsu tagi en sem fyrr njóta náttúruskoðun og sund mestra vinsælda.

Eins og fyrr gista flestir í Reykjavík en þar fækkar gistingum frá fyrri könnun en þeim fjölga í öllum öðrum landshlutum, nema á Norðurlandi þar sem fjöldi gistinátta stendur nokkurn veginn í stað milli kannana. Flestir gista á hótelum og þar er smáaukning merkjanleg frá síðustu könnun sem og í bændagistingu.

Geysir og Þingvellir eru eins og áður þau svæði eða staðir sem flestir heimsóttu enda *landið og náttúran* þeir þættir sem erlendir ferðamenn meta jákvæðasta við Ísland. Þar á eftir kemur *fólkið* og síðan *þjónustan* en neikvæðustu þættirnir eru sem fyrr *verðlagið* og svo *veðrið*. Skilgreiningar eins og "*hrein og ómengud náttúra*" og "*einstakt náttúruævintýri*" lýsa Íslandi best að mati erlendu sumargestanna. Margir nefndu einnig afslappað andrúmsloft.

Þá vekur athygli að vægi rútuferða, bæði skipulagðra ferða og sérleyfisferða, hefur minnkað frá síðustu könnun en notkun einkabíla hefur vaxið töluvert á meðan notkun bílaleigubíla er svipuð.

Könnunin var sú fyrsta sem gerð er eftir að Iceland Express hóf reglulegt áætlunarflug milli Íslands og tveggja Evrópulanda og því þótti forvitnilegt að greina svör erlendu gestanna eftir flugfélögum. Í ljós kom að 72% svarenda ferðuðust með

Flugleiðum, 12% flugu með Iceland Express, 8% ferðuðust með öðrum flugfélögum og jafnmargir notuðu annan ferðamáta en flug.

Greinilegur aldurs- og tekjumunur kom fram hjá erlendu gestunum eftir því með hvaða flugfélagi þeir ferðuðust. Þannig var meðalaldur svarenda sem nýttu sér þjónustu Iceland Express tæplega 36 ár en í kringum 43 ár hjá farþegum með Flugleiðum og öðrum flugfélögum. Þá eru tekjur þeirra sem fljúga með Flugleiðum heldur hærrí en farþega sem fljúga með Iceland Express eða öðrum félögum. Langflestir þeirra sem flugu með Iceland Express voru hér á eigin vegum en liðlega helmingur farþega með Flugleiðum og öðrum flugfélögum var hér á eigin vegum og 30-40% í skipulögðum pakkaferðum.

8.3 Samningur um eflingu rannsókna í ferðaþjónustu

Ferðamálaráð hefur gert samninga við Háskólann á Akureyri og Ferðamálasetur Íslands sem hafa að markmiði að efla enn frekar rannsóknir og þróun á sviði ferðaþjónustu og ferðamennsku. Ferðamálasetrið er staðsett í húsnæði Háskólans á Akureyri en stofnunin er samstarfsverkefni Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri. Ferðamálasetrið er miðstöð rannsókna, fræðslu og samstarfs í greinum sem tengjast ferðamálaum. Helstu verkefni snúast um rannsóknir í faginu, samstarf við innlenda og erlenda rannsóknaraðila, útgáfu fræðiritra og kynningarbæklinga, upplýsingamiðlun, ráðgjöf og að gangast fyrir námskeiðum, ráðstefnum og fyrirlestrum í ferðamálafræðum. Samkvæmt áður nefndum samningi leggur Ferðamálaráð Ferðamálasetrinu til ákveðna fjárupphæð mánaðarlega vegna rannsókna eða þróunarverkefna í ferðaþjónustu. Er m.a. kveðið á um að stofnanirnar vinni sameiginlega áætlun um hvers konar rannsóknir og/eða þróunarverkefni sem Ferðamálasetrið vinni.

8.4 Fréttabréf

Eitt tölublað af fréttabréf Ferðamálaráðs, Ferðafréttum, kom út á árinu. Þær voru að þessu sinni að nokkru leyti helgaðar þeim tímamótum að á árinu voru 40 ár liðin frá stofnun Ferðamálaráðs Íslands. Meðal annars voru birtar myndir úr hófi sem haldið var í tilefni afmælisins, nokkrar myndir frá fyrri árum sem eru í eigu ráðsins og rætt við Birgi Þorgilsson, fyrrverandi ferðamálastjóra og formann Ferðamálaráðs. Af öðru efni fréttabréfsins má nefna viðtal við samgönguráðherra, yfirlit um þróun og ástand á helstu markaðssvæðum og viðtöl við ferðamálafulltrúa vítt um land um ferðasumarið 2004. Þá var í fréttabréfinu farið yfir ýmis þau verkefni sem í gangi eru hjá Ferðamálaráði, svo sem umhverfismál, flokkun gististaða, upplýsingamál, og fleira. Ferðafréttir eru aðgengilegar sem PDF-skjal á samskiptavef Ferðamálaráðs, www.ferdamalarad.is.

8.5 Kynningarrit

Í maí gaf Ferðamálaráð Íslands út leiðbeiningarit um uppbyggingu tjaldsvæða. Því er ætlað að auðvelda þeim er hyggjast setja upp tjaldsvæði, hvort sem það er í þéttbýli eða dreifbýli, að átta sig á hvað til þarf fyrir slíka starfsemi. Í inngangi að ritinu segir m.a. að með auknum fjölda ferðafólks hafi spurn eftir fjölbreyttri þjónustu, afþreyingu og góðum aðbúnaði á ferðamannastöðum aukist til muna. "Það er öllum ljóst sem starfa í ferðaþjónustu að kröfur varðandi þjónustu og aðstöðu á tjaldsvæðum og sumardvalarstöðum hafa gjörbreyst á tiltölulega stuttum tíma. Gífurleg aukning er í notkun tjaldvagna og húsbíla og aukin flutningsgeta Norrænu milli Evrópu og Íslands kallar á annan og meiri búnað til að þjóna notendum tjaldsvæða," segir m.a. Ritið er

aðgengilegt í rafrænu formi á samskiptavef Ferðamálará og var einnig sent öllum sveitarfélögum og ferðamálafulltrúum.

“Rauða kverið-leiðbeiningarit fyrir starfsfólk upplýsingamiðstöðva” kom einnig út í endurskoðaðri útgáfu í maí. Um var að ræða 5. útgáfu.

8.6 Starfsemi Ferðamálaráðs 2003

Í mars kom út skýrsla um starfsemi Ferðamálaráðs á árinu 2003. Þar var farið yfir það sem hæst bar í starfi ráðsins á árinu, helstu breytingar o.s.frv. M.a. var fjallað um markaðsstarf, erlent samstarf, ferðasýningar, rannsóknir, fundi og ráðstefnur, útgáfumál, umhverfismál, vefmál, gagnagrunn, flokkun gististaða, upplýsingamiðstöðvar fyrir ferðamenn o.fl. Skýrslan er aðgengileg sem PDF-skjal samskiptavef Ferðamálaráðs, www.ferdamalarad.is.

9 Fundir - ráðstefnur – námskeið

9.1 Ferðamálaráðstefnan 2004

Um 140 manns sóttu árlega ferðamálaráðstefnu Ferðamálaráðs Íslands á Kirkjubæjarklaustri. Ráðstefnan tókst vel í alla staði og var góður rómur gerður að þeim erindum sem flutt voru.

Einar Kr. Guðfinnsson, formaður Ferðamálaráðs, setti ráðstefnuna og kom víða við. Rakti hann m.a. verulega aukið umfang ferðaþjónustunnar á síðustu misserum. Benti hann á nokkrar staðreyndir máli sínu til sönnunar, fjölgun ferðamanna, aukið sætaframboð í ferðum til landsins og fjölgun bílaleigubíla. Þá benti hann á stórkostlega fjölgun hjólhýsa og tjaldvagna sem dæmi um aukinn áhuga Íslendinga á ferðum um eigið land. "Nú vitum við það öll að það er ekki vandalaust að heyja þá samkeppni sem er í ferðaþjónustuheiminum. Mörg lönd búa yfir einstakri náttúru, eiga stórbrotna og glæsilega sögu. Engu að síður blasir það við að við Íslendingar erum að ná meiri árangri í uppbyggingu ferðaþjónustu okkar heldur en gengur og gerist um löndin í kringum okkur. Það hlýtur að segja einhverja sögu. Á sama tíma og ferðamönnum fjölgar hér á landi, mega nágrannar okkar ýmsir þola fækkun ferðamanna. Eru það þó fögur lönd og á margan hátt aðgengilegri hinum stóra heimi. Ástæðurnar eru örugglega fjölmargar en ég ætla að segja það hispurslaust og án allrar hræsni að ég held að aðal gerandinn í þeim efnun sé atvinnugreinin sjálf; íslensk ferðaþjónusta sem hefur einfaldlega staðið sig vel í þessari hörðu alþjóðlegu samkeppni," sagði Einar m.a.

Sturla Böðvarsson ræddi í erindi sínu nokkuð um markaðsmál ferðaþjónustunnar. Á fjárlögum næsta árs er gert ráð fyrir 150 milljónum króna í þennan lið. Til viðbótar kemur fé sem varið verður til "Iceland Naturally" samstarfsverkefnisins í Bandaríkjunum og þá greindi samgönguráðherra frá því að til skoðunar er að ráðast í sambærilegt verkefni fyrir Evrópumarkað. Þá benti hann á nauðsyn þess að aðilar ynnu betur saman að markaðssetningu "því að öll vitum við að sameinað átak er aflmeira en þegar hver og einn hugsar aðeins um þrönga eiginhagsmuni," sagði Sturla.

Einnig fór ráðherrann í erindi sínu yfir mikilvægi umhverfismála og greindi frá vinnu sem verið hefur í gangi vegna ferðamálaáætlunar en afrakstur hennar verður senn lagður fram. Loks kom hann inn á fjölgun ferðamanna og sagði m.a.: "Eins og sjá má hefur fjölgun ferðamanna hingað til lands verið með ólíkindum. Spár sem taka mið af undanförunum 10 árum sýna að fjöldi erlendra ferðamanna gæti orðið á bilinu

sjö til áttahundrað þúsund árið 2015. Þetta eru háar tölur en ég leyfi mér samt að halda því fram að miðað við þann kraft sem býr í íslenskri ferðaþjónustu geti þessi tala átt eftir að verða miklu hærri. **Getur það verið!** - að eftir fimm góð ár muni okkur takast að tvöfalda þann fjölda ferðamanna sem kemur til landsins í ár? Þessari spurningu þurfum við að svara í áætlunum okkar á næstunni."

Yfirskrift ráðstefnunnar í ár var "Efnahagslegt gildi ferðaþjónustu" og það var heitið á meginerindi ráðstefnunnar sem Ásgeir Jónsson, hagfræðingur KB Banka og lektor við HÍ flutti. Ásgeir er annar meginhöfundur skýrslunnar "Flug- og ferðaþjónusta á Íslandi" sem unnin var fyrir samgönguráðuneytið og kynnt fyrir á þessu ári. Erindi Ásgeirs var í senn yfirgripsmikið og fróðlegt og of langt mál væri að telja upp allt það sem fram kom. Meginniðurstaða Ásgeirs er að þjóðhagslegur ábati ferðaþjónustu er töluverður hérlendis í ljósi þess hve þjóðin er fámenn og þarf að tryggja samgöngunet yfir svo stórt svæði. Þá er þjóðhagslegur ábati ferðaþjónustu mun meiri úti á landsbyggðinni þar sem nýting framleiðslupáttá er verri og fjölbreytni minni vegna fólksfæðar.

Jafnframt hefur mörgum án efa þótt fróðlegt að sjá yfirlit Ásgeirs um vöxt hagkerfisins síðustu 10 ár, þ.e. frá 1993-2003. Vöxturinn á þessu tímabili nemur 40% og þar af er þáttur verslunar, þjónustu veitingahúsareksturs og samgangna langstærstur, 22%, eða rúmur helmingur. Á meðan eru greinar eins og álbræðsla, sjávarútvegur og landbúnaður nánast engu að skila til aukins hagvaxtar. "Ferðaþjónustan virðist - af reynslu síðustu 40 ára að dæma - vera einn öruggast vaxtargeirinn í íslenska hagkerfinu sem miðar áfram með 6% stöðugum vexti," sagði Ásgeir m.a.

Aðrir sem fluttu erindi undir þessum lið voru Friðrik Pálsson, framkvæmdastjóri Oddhóls ferðaþjónustu ehf.; Ingunn Guðmundsdóttir, sveitarstjóri Skeiða- og Gnúpverjahrepps og Guðrún Bergman, hótelhaldari á Hótel Hellnum. Eftir kaffihlé var síðan komið að erindi Olivier Jacquin og nefndist það "2004-2005 Hotel Industry Trend and Presentation of Rezidor SAS Hospitality". Olivier Jacquin er framkvæmdastjóri markaðs- og sölusviðs Rezidor SAS, sem m.a. er með Radison SAS hótelin innan sinna vébanda, og kom sérstaklega til landsins til að flytja erindi á ráðstefnunni. Líkt og undanfarin ár eru öll erindi og allar umræður frá ráðstefnunni aðgengileg á vef ferðamálaráðs undir liðnum "Fundir og ráðstefnur".

9.2 Námskeið fyrir starfsfólk upplýsingamiðstöðva

Undanfarin ár hefur Ferðamálaráð Íslands staðið fyrir námskeiðum fyrir starfsfólk upplýsingamiðstöðva og svo var einnig á árinu 2004. Lögð er áhersla á að fá sem flest starfsfólk upplýsingamiðstöðva á námskeiðið og er mikilvægt að a.m.k. nýtt starfsfólk sitji það. Þýðingarmikið er að skapa tengsl á milli stöðva auk þess sem yfirbragð stöðvanna verður líkara innbyrðis ef sem flestir starfsmenn hafa setið námskeið.

Námskeiðið í ár var haldið mánudaginn 2. júní. Sú nýbreytni var að þessu sinni að námskeiðið var haldið á menntabrunni og voru móttökustaðir í símenntunarmiðstöðvunum á Selfossi, Höfn, Egilsstöðum, Akureyri, Sauðárkróki, Ísafirði, Borgarnesi og í Reykjavík. Fyrirlesarar á námskeiðinu voru Elías Bj. Gíslason forstöðumaður upplýsinga- og þróunarsviðs Ferðamálaráðs Íslands á Akureyri, Knútur Karlsson forstöðumaður upplýsingamiðstöðvarinnar á Akureyri og Erla Björg Guðmundsdóttir rekstrar- og viðskiptafræðingur.

10 Vefmál, gagnagrunnur og Handbókin "Ísland"

10.1 Gagnagrunnur

Á undanförunum árum hefur á vegum Ferðamálaráðs Íslands verið byggður upp viðamikill gagnagrunnur. Í honum eru nú upplýsingar um vel á annað þúsund ferðaþjónustuaðila um allt land, ásamt ýmsum hagnýtum upplýsingum fyrir ferðafólk, bæði á ensku og íslensku. Má fullyrða að um er að ræða heildstæðasta gagnagrunninn um íslenska ferðaþjónustu sem til er í dag og er hann alltaf að stækka. Í grunninum er m.a. að finna ítarlegar upplýsingar um gistingu, skipulagðar ferðir af öllu tagi, samgöngur, hvers kyns afþreyingu, viðburðadagatal og ýmsar fleiri hagnýtar upplýsingar. Skráning í grunninn er ferðaþjónustuaðilum að kostnaðarlausu og hann er öllum aðgengilegur á landkynningarvef Ferðamálaráðs, www.visiticeland.com.

10.2 Handbókin "Ísland"

Handbók Ferðamálaráðs, "Ísland", byggir á gagnagrunninum og er því viðamikið rit. Útgáfa bókarinnar hófst árið 1987 og var hún þá unnin á Upplýsingamiðstöð Ferðamála í Reykjavík. Frá árinu 1994 hefur bókin verið unnin á skrifstofu Ferðamálaráðs á Akureyri, þar sem einnig er haldið utan um gagnagrunninn. Handbókin er gefin út á ensku og íslensku og kemur út einu sinni á ári, undir lok ársins. Um er að ræða mikilvægt uppflettirit fyrir alla þá sem starfa að skipulagningu og upplýsingagjöf í ferðaþjónustu. Bókin er seld í áskrift.

10.3 Landkynningarvefir

Á árinu var landkynningarvefur Ferðamálaráðs endurnýjaður frá grunni og opnaði samgönguráðherra nýjan vef á 40 ár afmæli Ferðamálaráðs þann 7. júlí. Jafnframt var tekin ákvörðun um að kaupa lénið www.visiticeland.com og verður vefurinn markaðssettur undir því nafni framvegis. Er það m.a. til samræmis við það sem tíðkast í nágrannalöndum okkar. Samhliða var opnaður nýr ferðavefur fyrir Íslendinga, www.ferdalag.is Byggir hann á sama grunni og vefurinn fyrir erlenda markaði.

Við hönnun og smíði nýju vefjanna var haft að markmiði að safna saman á einn stað sem mestu af þeim upplýsingum sem nýst gætu bæði Íslendingum og ferðamönnum erlendis frá við skipulagningu ferðalaga um landið. Grundvallarþáttur vefjanna er sá viðamikli gagnagrunnur sem sagt var frá hér að ofan. Við gagnagrunninn hefur verið tengd öflug leitarvél sem ætti að gagnast fólki vel við að skipuleggja ferð sína um landið. Með því að nota hana getur fólk fundið upplýsingar um þá tegund þjónustustu sem það sækist eftir, í þeim landshluta þangað sem ferðinni er heitið.

Ljóst er að einn vefur, þótt yfirgripsmikill sé, getur aldrei miðlað öllum þeim upplýsingum sem fólk sækist eftir. Því er einnig markmiðið með þessum nýja vef að hafa á einum stað tengingar við landshlutavefi með ferðaupplýsingum og aðra vefi sem gott er að hafa tiltæka þegar ferðalög um Ísland eru annars vegar.

Skrifstofur Ferðamálaráðs í New York og Frankfurt halda báðar úti sér vefsíðum sem sérstaklega eru hannaðar með markaðssvæði viðkomandi landa í huga.

10.3.1 Svörun fyrirspurna

Mikilvægur þáttur í því að halda úti vefsíðum er svörun fyrirspurna og verulega hefur færst í vöxt að fólk nýti sér þennan samskiptamöguleika til að fá upplýsingar um land og þjóð. Í meirihluta tilfella er hægt að sjá frá hvaða landi tölvupóstsendingarnar koma og er þannig hægt að greina fyrirspurnir til Ferðamálaráðs Íslands frá um 100

þjóðlöndum á árinu 2004. Vart þarf að koma á óvart að flestar fyrirspurnir eru að koma frá stærstu markaðssvæðum Íslands í ferðamennsku, þ.e. Bretlandi, Bandaríkjunum, ríkjum Mið-Evrópu og Skandinavíu. Þá er fróðlegt að sjá hversu víða að fyrirspurnir koma og má í því sambandi nefna fjarlæg ríki eins og Channel-eyjar, Bermuda, Tjedjeníu, Uganda, Uspekistan og Zimbabwe, svo nokkur dæmi séu tekin. Svörun fyrirspurna fer fram á skrifstofu Ferðamálaráðs á Akureyri.

10.4 Samskiptavefur

Áfram var haldið að þróa samskiptavef Ferðamálaráðs sem er á slóðinni www.ferdamalarad.is. Á vefnum er að finna ýmsan fróðleik varðandi íslenska ferðaþjónustu og starfsemi Ferðamálaráðs, s.s. tölfræði, fræðslurit, lagaumhverfi, markaðsmál, útgáfumál Ferðamálaráðs og umræðusvæði ásamt ýmsu öðru. Fréttabáttur vefsins hefur verið að eflast og er vefurinn uppfærður daglega og jafnvel oft á dag. Á virkum dögum heimsækja að jafnaði um 200 manns vefinn til að leita sér upplýsinga. Í árslok hófst vinna við gagngera endurnýjun á vefnum og verður nýr vefur opnaður á árinu 2005.

10.5 Ganga.is

Áfram var á árinu unnið að verkefni um skráningu gönguleiða og miðlun upplýsinga um þær til almennings. Um er að ræða samstarfsverkefni Ferðamálaráðs Íslands, Ungmennafélags Íslands og Landmælinga Íslands. Í byrjun sumars var vefurinn www.ganga.is opnaður og þar er að finna upplýsingar um yfir 500 gönguleiðir, ásamt upplýsingum er tengjast slíkum ferðalögum hér á landi. Fleiri leiðir munu svo bætast við í framtíðinni.

Gönguleiðir voru skilgreindar í þessu verkefni sem leiðir er tekur a.m.k. tvær klukkustundir að ganga. Þessar leiðir geta verið merktar sem ómerktar en markmið verkefnisins er að stuðla enn frekar að uppbyggingu gönguleiða á Íslandi og aðgengi að þeim, sem og hvetja fólk til að ganga um landið og kynnast því á þennan heilsusamlega hátt.

10.6 Vefur menningarkynningar í París

Dagana 27. september til 10. október var efnt til mikillar íslenskrar menningarkynningar í París og víðar í Frakklandi. Nefndist hún “Islande – de glace & de feu” sem útleggst “Ísland – ís og eldur”. Sé litið til einstakra viðburða er væntanlega um að ræða eina viðamestu kynningu á Íslandi sem fram hefur farið utan Íslands til þessa. Kynningin var tvíþætt. Annars vegar vísindasýning í vísindasafninu Palais de la Découverte í Grand Palais-höllinni, þar sem árangri Íslendinga á sviði eldfjallafræði, haffræði, orku og vetnis, jarðhitafræði og erfðafræði var lýst með nýstárlegum hætti. Hins vegar var efnt til viðburða á listasviðinu, í myndlist, tónlist, bókmenntum, leiklist og kvikmyndum. Á annað hundrað íslenskir listamenn komu við sögu í þessari miklu Íslandskynningu. Þáttur Ferðamálaráðs Íslands fólst í hönnun og umsjón vefsíðu kynningarinnar, www.islande-glacefeu.com, auk stuðnings frá skrifstofu Ferðamálaráð í Frankfurt.

11 Flokkun gististaða

Flestir virðast sammála um að flokkun gististaða á Íslandi með stjörnugjöf sé nauðsynlegur þáttur í uppbyggingu ferðaþjónustu hérlendis, ekki einvörðungu fyrir

aðila í gistiþjónustu heldur fyrir alla ferðaþjónustuna. Flokkunin hófst árið 2000 og hefur frá upphafi verið í umsjón Ferðamálaráðs Íslands. Árið 2004 var því fjórða árið sem verkefnið var í gangi. Á fundi úrskurðarnefndar um flokkun gististaða í apríl 2004 var nýtt flokkunarviðmið samþykkt og hafa gististaðir verið flokkaðir eftir þessu nýja viðmiði frá og með 1. janúar 2005. Með skipulagsbreytingum tókst einnig að lækka kostnað við framkvæmdina sem aftur hefur leitt til aukinnar þátttöku.

Af þeim 128 atriðum sem er að finna í þessu nýja viðmiði eru 30 ný eða breytt frá fyrri útgáfu. Af þessum 30 breytingum eru 18 sem eingöngu eiga við 4 og 5 stjórnú gistaða, þannig að með þessu nýja viðmiði voru kröfurnar auknar og þá sérstaklega á hærra flokkaða gistaða. Meðal helstu breytinga má nefna að nú er farið að veða og meta gæði húsgagna og búnaðar en ekki eingöngu gerð krafa um að viðkomandi húsgögn eða búnaður séu til staðar. Breytingarnar eru hliðstæðar nýjum viðmiðum er tóku gildi í Danmörku um áramót og gistaðir í Svíþjóð, Grænlandi og Færeyjum eru flokkaðir eftir.

Þá var einnig sú breyting gerð að flokkaðir gistaðir eru heimsóttir og skoðaðir af starfsmanni Ferðamálaráðs en ekki utanaðkomandi verktaka eins og verið hefur. Með þessu, ásamt öðrum skipulagsbreytingum, náðist að lækka kostnað um 20%. Tók ný verðskrá gildi í maí og tók hún mið af þessari kostnaðarlækkun. Ný verðskrá er svipað uppbyggð og áður, þ.e. ákveðið grunnjald og herbergjagjald. Breyting var gerð á grunnjaldinu þannig að í þrepi 1. eru gistaðir með 1-29 herbergi, var áður 1-19 herbergi, og í þrepi 2. eru gistaðir með 30 herbergi eða fleiri, var áður 20 herbergi eða fleiri.

12 Flokkun tjaldsvæða

Á árinu var hleypt af stokkunum verkefni um flokkun tjaldsvæða sem unnið var að forgöngu Ferðamálaráðs Tilgangurinn er að auðvelda ferðalöngum að átta sig á þeirri þjónustu sem í boði er á viðkomandi stað og vera rekstraraðilum stuðningur við uppbyggingu tjaldsvæðis. Í reglunum er gengið út frá flokkun tjaldsvæða með stjórnugjöf frá einni upp í fimm stjórnur. Ekki er gert ráð fyrir að tjaldsvæði beri sérstakan kostnað af þátttöku í flokkuninni heldur er framkvæmdin hugsuð með þeim hætti að rekstraraðilar tjaldsvæðis ákveði í hvaða flokki þeir vilji vera, setji flokkunarviðmið upp á áberandi stað á tjaldsvæðinu og síðan sé það gesta að ganga eftir því að svæðið standist þær kröfur sem stjórnugjöf þess gerir ráð fyrir. Rekstraraðilum tjaldsvæða er í sjálfsvald sett hvort þeir taka þátt í flokkuninni en gera má ráð fyrir að þegar fram í sækir leitist gestir frekar við að gista á tjaldsvæðum þar sem þeir vita að hverju þeir ganga. Haldið verður áfram með verkefnið á árinu 2005 og nokkrar breytingar gerðar í ljósi reynslunnar.

13 Umhverfismál

13.1 Almenn

Umhverfismál eru samkvæmt lögum um skipulag ferðamála eitt af verkefnum Ferðamálaráðs Íslands. Stofnunin sinnir fjölpætri starfsemi á þessu sviði og má þar til dæmis nefna:

- *Úthlutun styrkja til þeirra sem vinna að úrbótum í umhverfismálum á ferðamannastöðum*
- *Fræðslustarf, svo sem útgáfu leiðbeininga- og fræðslurita*
- *Ráðgjöf*

- *Einstök verkefni, til dæmis hreinsun hálendisleiða*

13.2 Styrkir

Af þessum þáttum er sá efsti sínu fyrirferðarmestur. Auk þess má nefna að Ferðamálaráð hefur á liðnum árum haft forgöngu um og umsjón með úrbótum á fjölsóttum ferðamannastöðum, oft í samvinnu við aðra, svo sem sveitarfélög á viðkomandi svæði, Vegagerðina og Umhverfisstofnun. Þarna hefur jafnan verið um að ræða nokkuð umfangsmiklar framkvæmdir. Haustið 2003 tók Ferðamálaráð hins vegar upp nýtt verklag varðandi útdeilingu fjármuna sem varið er til umhverfismála af hálfu stofnunarinnar. Meginbreytingin felst í því að bróðurparti fjármunanna er nú úthlutað í styrkjaformi. Í fyrsta lagi eru styrkir til minni verkefna. Í öðru lagi eru styrkir til stærri verkefna á fjölsóttum ferðamannastöðum og í þriðja lagi eru veittir styrkir til uppbyggingar á nýjum svæðum. Við úthlutun er m.a. tekið tillit til og haft í huga að verkefnið sé vel útfært, heildarmyndin skýr, verkefnið hafi víðtæk og jákvæð áhrif á ferðaþjónustu, samfélag og náttúru. Ekki er tekið tillit til dreifingar verkefna eftir landshlutum heldur reynt að meta mikilvægi hvers og eins verkefnis.

Alls bárust 268 umsóknir fyrir árið 2004. Samtals hljóðuðu styrkbeiðnir upp á 390 milljónir króna en um 40 milljónir króna voru til úthlutunar af hálfu Ferðamálaráðs. Heildar kostnaðaráætlun verkanna hljóðaði upp á 672 milljónir króna. Lista yfir þá sem hlutu styrki má finna á www.ferdamalarad.is

13.3 Umhverfisverðlaun

Ferðamálaráð Íslands hefur árlega síðan 1995 veitt umhverfisverðlaun til ferðaþjónustufyrirtækja eða einstaklinga í ferðaþjónustu sem þótt hafa skara framúr á sviði umhverfismála. Segja má að umhverfisvæn ferðamennska sé samspil þriggja þátta; ferðamannsins, heimamanna og umhverfisins og markmið umhverfisvænnar ferðaþjónustu er að stuðla að vernd menningarumhverfis sem og náttúrulegs umhverfis. Umhverfisverðlaun Ferðamálaráðs eru hugsuð sem hvatning og áminning til þeirra sem stunda ferðaþjónustu um að huga vel að umhverfinu í allri skipulagningu og starfrækslu þjónustunnar. Mikil vakning hefur orðið í þjóðfélaginu og raunar í heiminum öllum varðandi umhverfismál og eru neytendur sífellt að verða kröfuharðari um að þau fyrirtæki sem þeir eiga viðskipti við taki tillit til umhverfisins í starfsemi sinni. Það er því ekki einungis út frá umhverfissjónarmiðum sem nauðsynlegt er að huga að þessum málum heldur út frá hreinum og klárum viðskiptasjónarmiðum einnig.

Umhverfisverðlaunin voru samkvæmt venju afhent á árlegri ferðamálaráðstefnu Ferðamálaráðs sem haldin var á Kirkjubæjarklaustri í október. Þau komu að þessu sinni í hlut Félags ferðaþjónustubænda og Ferðaþjónustu bænda hf. Það voru fyrst og fremst markviss umhverfisstefna, góð eftirfylgni félagsins og starfsfólks hennar og víðtæk áhrif stefnunnar sem réðu úrslitum um val á verðlaunahafa þetta árið.

Verðlaunagripurinn er skúlptúr eftir Aðalstein Svan Sigfússon, myndlistarmann. Hugmynd listamannsins að baki gripnum er að hann sé ör sem vísi upp á við - til glæstrar framtíðar. Gripurinn er unninn úr íslensku gabbrói og lerki. Óunni hluti píramídans stendur fyrir ósnortna náttúru sem við viljum varðveita sem mest.

14 Ráðstefnuskrifstofa Íslands

Frá því haustið 1997 hefur starfsemi Ráðstefnustefnuskrifstofu Íslands verið hýst hjá Ferðamálaráði Íslands sem jafnframt hefur séð um rekstur hennar samkvæmt samkomulagi við stjórn skrifstofunnar. Hlutverk Ráðstefnuskrifstofunnar er að markaðssetja Ísland á alþjóðamarkaði sem ákjósanlegan áfangastað til ráðstefnuhalds og hvataferða og að baki skrifstofunni standa Ferðamálaráð Íslands, Reykjavíkurborg, Flugleiðir, flest leiðandi hótél á sviði ráðstefnuhalds og hvataferða auk annarra fyrirtækja, s.s. afþreyingarfyrirtækja, veitingahúsa og fleiri sem eiga hagsmuna að gæta af ráðstefnuhaldi og móttöku hvataferða.

Frá og með áramótum 2004/2005 varð sú breyting gerð að framkvæmd samnings Ráðstefnuskrifstofunnar og Ferðamálaráðs er á markaðssviði Ferðamálaráðs en ekki á stjórnarsýslusviði. Með þessari breytingu gefst m.a. aukið færi á að vinna að málefnum RSÍ með sérfræðingum Ferðamálaráðs á skrifstofum ráðsins erlendis.

15 Ferðamálaáætlun 2006-2015

Í nóvember 2003 skipaði samgönguráðherra stýrihóp til þess að leiða vinnu við gerð nýrrar stefnumótunar fyrir íslenska ferðaþjónustu 2006- 2015. Magnús Oddsson ferðamálastjóri var skipaður formaður hópsins, en aðrir í honum voru Helga Haraldsdóttir, skrifstofustjóri í samgönguráðuneytinu og Erna Hauksdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar (SAF). Verkefnisstjóri var ráðinn og stýrihópurinn hafði einnig samráð við sérstakan vettvang hagsmunaaðila og leitaði þar m.a. sjónarmiða og tillagna um það sem betur má fara. Stýrihópurinn hefur skilað tillögu sinni og er nú unnið að því ljúka frágangi samantektarinnar sem er sá grunnur sem áætlunin byggir á.